

44
13. des.

Opið brjef,

er stefnir saman Alþingi til reglulegs fundar 15. febrúar 1923.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Að Vjer samkvæmt 18. gr. í stjórnarskrá konungsríkisins Íslands 18. maí 1920 allramildilegast höfum ákveðið að láta Alþingi koma saman til reglulegs fundar fimtudaginn 15. febrúar 1923.

Um leið og Vjer birtum þetta, bjóðum Vjer öllum þeim, sem setu eiga að hafa á tjeðu Alþingi, að koma nefndan dag til Reykjavíkur, og verður þar þá sett Alþingi eftir að guðsþjónustugjörð hefir farið fram í dómkirkjunni.

Gefið á Amalíuborg, 13. desember 1922.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Sig. Eggerz.